

## Fjölmiðlaaðstaða – Gátlisti fyrir íþróttafélög

Frá SÍ, HSÍ og KKÍ.

**Samtök íþróttafréttamanna** hafa nú hafið samstarf við **HSÍ** og **KKÍ** um sameiginlega útgáfu eins fjölmiðlaskírteinis, sem jafnframt veitir korthafa aðgengi að aðstöðu fjölmiðlamanna á leikstað. Viðræður standa nú yfir við **KSÍ** um að gerast aðili að þessu samkomulagi.

**Kortin verða gefin út í byrjun október en þangað til gilda fjölmiðlaskírteini síðasta árs.**

Aðilar að samstarfinu eru sammála um að gæta vel að því að vinnuaðstaða starfsmanna fjölmiðla á leikstað sé fullnægjandi. Það leiði til betri umfjöllunar sem er íþróttinni sjálfri til framdráttar.

Eftirfarandi yfirlit er ætlað til að aðstoða þau íþróttafélög sem taka reglulega á móti starfsmönnum fjölmiðla að hafa allan aðbúnað í lagi, svo fjölmiðlafólk geti sinnt sinni vinnu.

Fyrirspurnir og ábendingar eru ávallt vel þegnar. Þær má senda á netfangið [sportpress@sportpress.is](mailto:sportpress@sportpress.is).

### Mikilvægi fjölmiðlafulltrúa

Sum íþróttafélög hafa skipað fjölmiðlafulltrúa sem er ætlað það hlutverka að vera starfsmönnum fjölmiðla innan handar fyrir leiki, á meðan leikjum stendur og eftir að þeim lýkur. Hlutverk fjölmiðlafulltrúans er mjög mikilvægt en allur gangur er á hvort hann sé til staðar.

Hér eftir fer gátlisti með þeim atriðum sem þurfa að vera í lagi á leikdegi fyrir starfsmenn fjölmiðla. Hvort sem félög eru með sérstakan fjölmiðlafulltrúa eða ekki þarf einhver starfsmaður á þeirra vegum að bera ábyrgð á því að þessi atriði séu í lagi.

Sérstaklega er tvennt sem fjölmiðlafulltrúi (eða annar ábyrgðaraðili) þarf að hafa í huga, ásamt því að fylgja eftirfarandi gátlistum:

- **Að starfsmenn fjölmiðla geti náð í viðkomandi í síma** ef eitthvað vantar (leikskýrslu, rafmagnstengi o.s.frv.) eða eitthvað er í ólagi (t.d. internetting). Íþróttafélög þurfa því að tilkynna fyrirfram hver fjölmiðlafulltrúi félagsins er hverju sinni.
- Að sjá til þess að **aðeins handhafar fjölmiðlaskírteina fá aðgang** að aðstöðu fjölmiðlamanna og hafi algjöran forgang í þau sæti sem boði eru.

### Fyrir blaðamenn:

- **Stóll og borð** fyrir alla þá fjölmiðla sem fjalla reglulega um viðkomandi íþrótt. Ekki þarf að gera ráð fyrir meira en einum blaðamanni frá hverjum fjölmiðli.
- Hver blaðamaður þarf að geta stungið tölvunni sinni í samband við **rafmagn**.
- Hver blaðamaður þarf að fá aðgang að **internetinu**.
- Internetaðgangur má **ekki vera opin**. Upplýsingar um **lykilorð** verða að vera til staðar í fjölmiðlaaðstöðunni.
- **Leikskýrslur** þurfa að vera komnar ekki síðar en 30 mínútum fyrir leik.
- **Vatn og kaffi**. Meðlæti ekki nauðsynlegt en vel þegið.
- **Greiður aðgangur** að þjálfurum og leikmönnum eftir leik. Fjölmiðlafulltrúi félagsins á að aðstoða blaðamenn að taka sín viðtöl eftir leik eins skjótt og mögulegt er.

### **Fyrir myndatökumenn:**

- Myndatökumenn félaga og liða þurfa að vinna með starfsmönnum sjónvarpsstöðva svo að myndatökumenn fá það pláss sem þeir þurfa, án þess að þrengja að blaðamönnum. Þetta þarf sérstaklega að hafa í huga þar sem fjölmiðlaaðstaða er lítil.
- Sé ætlast til þess að sjónvarpsviðtöl séu tekin við **auglýsingavegg** þurfa þeir að vera tiltækir um leið og leik lýkur.
- Það færist sífellt í aukana að myndbandsviðtöl séu tekin, líka af blaðamönnum. Því þarf að athuga þann möguleika að fjölga (eða stækka) viðtalsveggjum þar sem oft getur reynst erfitt að bíða eftir lausu plássi við vegginn.

### **Fyrir ljósmyndara:**

- Lýsing í íþróttahúsum skiptir ljósmyndara höfuðmáli. Því þarf að hafa **kveikt á öllum ljósum og skipta um allar ónýtar perur.**